

Reglur um vélar og tæknilegan búnað


Reglurnar gilda um nýjar vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar, sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

Vélar og öryggishlutar skulu fullnægja kröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í 1. viðauka reglnanna.

Þar er m.a. sérstaklega fjallað um nauðsynlegar merkingar og notkunarleiðbeiningar á íslensku sem þurfa að fylgja vélunum.

Eftirfarandi vélar og öryggishlutar teljast fullnægja reglunum:

- Vélar sem merktar eru með CE-merkinu ef þeim fylgir EB-samræmisfirlýsing skv. A-lið í II. viðauka.
- Öryggishlutar ef þeim fylgir EB-samræmisfirlýsing skv. C-lið í II. viðauka.



Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans innan Evrópska efnahagssvæðisins ber

a) að semja EB-samræmisfirlýsingu fyrir hverja vél eða öryggishlut, sem framleiddur er, til að votta að vélin eða öryggishluturinn sé í samræmi við reglurnar;

b) að sjá til þess að vélin sé einkennd með CE-merki, sbr. 8 gr.

CE-merkið skal líta þannig út:



Allar nýjar og ennfremur notaðar og gamlar vélar, sem fluttar verða inn til Íslands eða inn á Evrópskra efnahagssvæðið í fyrsta sinn frá löndum utan EES, skulu uppfylla kröfur reglnanna og vera merktar með CE-merkinu.

Reglurnar (nr. 761/2001) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is